



Borgarbyggð
Pétur Már Sigurðsson
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 15. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0038

IAS

Efni: Brákarey. Nýtt deiliskipulag, skipulagslýsing.

Vísað er til erindis Borgarbyggðar frá 18. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu nýs deiliskipulags fyrir Brákarey.

Skipulagssvæðið nær yfir Brákarey í Borgarnesi en hún er staðsett í vesturjaðri þéttbýlisins í Borgarnesi og tengist landi með einni brú yfir Brákarsund. Eyjan er hluti hafnarsvæðis Borgarness og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnusögu bæjarins.

Deiliskipulagssvæðið felur í sér heildarendurskoðun á landnotkun innan Brákareyjar og tekur til allra þátta sem lúta að uppbyggingu, umhverfi, samgöngum og tengslum við aðliggjandi svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Fram kemur í greinargerðinni að Borgarvogur er á C-hluta náttúruminjaskrár (svæði 239) en að auki er utanverður Borgarfjörður á C-hluta (svæði 212). Um það segir í náttúruminjaskrá:

- (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. (2) Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki fleiri ábendingar eða athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræði